

BRÁÐABIRGÐALÖG

105

26. júní

um viðauka við lög nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að landbúnaðarráðherra Vor hefir þegnlega borið það upp fyrir Oss, að þar sem sú breyting hefir verið gerð á fyrirkomulagi við lax- og silungsveiði í Ölfusá og vatnahverfi því, er að henni liggur, að Fiskiræktar- og veiðifélag Árnesinga stundar nú eitt laxveiði með netum aðeins fyrir landi tveggja jarða við Selfoss í Ölfusá, en að aðstaða þar til veiðiskapar er þannig, að ekki er unnt að hafa nema mjög stuttar fyrirstöður út frá landi þar sem veiði verður við komið, en hins vegar að öðru leyti aðstaða öll til laxveiði á þessum stað miklu betri og kostnaðarminni en á nokkrum öðrum stað í vatnahverfinu, en þar sem búast má við, að vikufriðun sú, er laxveiðilögin ákveða, valdi því, að með þessari tilhögun veiðinnar verði þeir, er veiðiteknanna eiga að njóta, fyrir tilfinnanlegu tjóni, en hins vegar engin hættu á, að of nærri verði gengið fiskistofninum í ánni, þó að vikufriðun laxveiðilaganna verði stytta, eða jafnvel niðurfelld, teljum Vér það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 68. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Enn fremur er ráðherra heimilt, eftir tillögu veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, fyrir eitt ár í senn, að veita veiðifélagi undanþágu, að nokkru eða öllu leyti, frá vikufriðun þeirri fyrir lax og göngusilung, er um ræðir í 1. málslíð 17. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Marselisborgarhöll, 26. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.